

**67. fundur íþróttá- og æskulýðsnefndar haldinn í íþróttahúsi Snæfellsbæjar, þriðjudaginn
26. nóvember 2013 kl:18:00**

Á fundinn mættu:

Brynja Mjöll Ólafsdóttir
Elva Ösp Magnúsdóttir
Erla Sigurðardóttir
Snædís Hjartardóttir
Sigrún Ólafsdóttir

1. Starfsemi félagsmiðstöðvarinnar Afdreps – Opnunartími og fleira

Formaður greindi frá fyrirspurn tveggja foreldra varðandi tímasetningu rútuferða og opnunartíma félagsmiðstöðvarinnar. Var málið rætt og var íþróttá- og æskulýðsfulltrúa falið að ræða við Hafþór hjá Hópferðabílum Svans Kristóferssonar auk þess sem rætt verður við starfsmenn félagsmiðstöðvar um það hvort það telst ástæða til að gera breytingu á opnunartímanum. Málið verður skoðað.

Rætt var um reglur varðandi mætingarskyldu í félagsmiðstöðuna og punktakerfi. Krakkarnir þurfa að uppfylla ákveðna mætingarskyldu til þess að geta fengið að fara á Æskulýðsball, Samfés og fleira. Búið er að hafa samband við aðrar félagsmiðstöðvar og fá upplýsingar um hvernig þesum málum er háttað. Teljum þetta kerfi sanngjarnt og í raun ekki strangt miðað við reglur á öðrum stöðum.

2. Framkvæmd við sundlaug Ólafsvíkur / gjaldskrá og önnur mál.

Farið var yfir stöðu framkvæmda við sundlaugina.

Verið er að gera breytingar á gjaldskrá við sundlaugina og var lögð fram tillaga um breytingu á henni. Gjald vegna fullöðna verður hækkað úr 375 kr í 500 kr fyrir staka ferð. Afsláttarkort hækka einnig en gjald fyrir árskort verður óbreytt.

Gjald vegna barna frá 10 – 16 ára lækkar úr 220 kr í 200 kr. Einng verður lækkun á afsláttarkortum og árskortum vegna barna.

Gjaldskrá fyrir 2014 er mjög sambærileg og í nágrennasveitarfélögunum á Snæfellsnesi.

Farið var yfir tekjur sundlaugar og rætt var um að vera með sérstakt átak tengt sundlauginni einn mánuð á ári hverju. Upp kom tillaga um október eða nóvember ár hvert. Þá væri til að mynda mögulegt að tengja október við brjóstakrabbamein og að vera með sérstakt þema og fleira skemmtilegt.

3. Reglugerð sundstaða

Farið var yfir lög- og reglur um sundstaði. Umræður um málið.

4. Önnur mál

Farið var yfir tekjur íþróttahúss og félagsmiðstöðvar vegna útleigu tengdum afmælum og öðrum upþákomum.

Íþrótta- og æskulýðsfulltrúi greindi frá þeirri hugmynd að hafa sameiginlegt jólaball á Snæfellsnesi í desember fyrir unglíngana í stað forvarnarballs sem ekki var farið á vegna veðurs.

Fleira ekki gert og fundi slitið 19:00